

Akranesi 18. apríl 2017

Heiðraði bæjarstjóri, Sævar Þráinsson.

Á fundi með fyrrverandi bæjarstjóra, Regínu Ástvaldsdóttur í lok janúar sl. gerði ég undirrituð, Guðbjörg Árnadóttir fyrrv. formaður grein fyrir stöðu Leikfélagsins Skagaleikflokksins.

Á þessum tíma hafði verið deyfð yfir starfseminni um nokkurt skeið, eingöngu samstarf við Bókasafn Akraness í verkefni sem kallast „Kellingarnar“ sem er dagskrá flutt í gönguferð um bæinn á Írskum- og Vökudögum.

Við ræddum framtíð leikfélagsins og þar sem húsnæðissamningurinn varðandi Mánabraut 20 var útrunninn, var niðurstaðan sú að bærinn segði honum upp með 3ja mán. uppsagnarfresti. Vegna þess að formaður og stjórn hafa verið óvirk í rúmt ár tók ég við þessu bréfi og tók um leið að mér að kanna hvort mögulegt væri að ná saman fólki til að halda starfseminni áfram.

Síðan þá hafa verið haldið 4 leiklistarkvöld á Mánabrautinni (í framsögn, spuna, persónusköpun og leiklestri), á þessi kvöld mættu 10 -15 manns í hvert skipti. Samstarf við Bókasafnið heldur áfram og aðalfundur er boðaður 25. apríl nk.

Í þeirri von að hægt sé að fá starfhæfa stjórn á aðalfundinum, óska ég eftir að uppsagnarfresturinn verði framlengdur um 3 mánuði, það gefur nýrri stjórn svigrúm til að vinna að því að fá leigusamninginn endurnýjaðan eða að tæma húsnæðið og ganga frá munum félagsins.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd þeirra sem vilja halda lífi í Leikfélaginu,
Guðbjörg Árnadóttir Steinsstaðaföt 15